

# Úr sögu Öskjuhlíðarskóla

Öskjuhlíðarskóli stendur við Suðurhlíð í Reykjavík. Flutt var í fyrsta áfanga skólahússins árið 1975 og í annan áfanga árið 1987. Þriðji áfangi hefur ekki enn verið byggður, en í honum er m.a. gert ráð fyrir íþróttasal, sundlaug, samkomusal, aðstöðu fyrir lækni, skólahjúkrunar-fræðing og sjúkra- og iðjuþjálfun. Þessi starfssemi er því öll í húsnaði sem ekki var ætlað henni.

Upphaf skólans má miða við stofnun Höfðaskóla árið 1961, en sá skóli var rekinn af Reykjavíkurborg í leiguhúsnaði við Sigtún í Reykjavík. Þegar flutt var í hið nýja skólahúsnaði í Öskjuhlíðinni árið 1975, tók ríkið við rekstri skólans og um leið var hann sameinaður öðrum sérskóla, Skóla fjölfatlaðra, sem þá hafði starfað í 3-4 ár. Í Höfðaskóla voru u.þ.b. 100 nemendur en í Skóla fjölfatlaðra aðeins 15. Nú eru 98 nemendur í skólanum. Skólinn var ekki skipulagslega tengdur neinni fræðsluskrifstofu á árunum 1975 – 1989, en þjónaði öllum fræðsluumdæmunum átta. Árið 1989 var ákveðið að skólinn skyldi lúta faglegri stjórn Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurmæmis og var svo til 1. ágúst 1996, að Reykjavíkurborg tók við rekstri skólans og heyrir hann nú undir Menntasvið Reykjavíkurborgar. Skólinn þjónar þó áfram nemendum úr öllum sveitarfélögum.

Magnús Magnússon, skólastjóri Höfðaskóla, varð fyrsti skólastjóri Öskjuhlíðarskóla. Hann lét af því starfi árið 1977 þegar hann tók við starfi sérkennslufulltrúa ríkisins í menntamálaráðuneytinu. Jóhanna G. Kristjánsdóttir tók þá við starfi skólastjóra og gegndi því til ársins 1987. Einar Hólm Ólafsson gegndi starfi skólastjóra frá árinu 1987 til ársloka 2005. Núverandi skólastjóri Dagný Annasdóttir tók við starfi skólastjóra 1. mars 2006.

## *Brot úr sögu skólans:*

- [Áhrifaþættir á skólastarfið](#) (samantekt Jóhönnu Kristjánsdóttur)
- [Námskrágerð](#) (samantekt Jóhönnu Kristjánsdóttur)